

Fundur stjórnar Markaðsstofu Norðurlands

kl. 10:00 miðvikudaginn 18. mars 2020 - fjarfundur

Mættir stjórnarmenn: Arngrímur Arnarson, Baldvin Esra Einarsson formaður, Edda Hrund Guðmundsdóttir, Sigurður Líndal, Viggó Jónsson, Tómas Árdal varamaður og Þórdís Bjarnadóttir varamaður.

Starfsmenn: Arnheiður Jóhannsdóttir framkvæmdastjóri, Hjalti Páll Þórarinsson og Björn H. Reynisson.

Áheyrnarfulltrúar: Álfhildur Leifsdóttir mætti kl 11:20 en Axel Grettisson var fjarverandi.

Formaður bauð fundarmenn velkomna og setti fund. Fól svo framkvæmdastjóra að ganga til dagskrár.

1. Undirbúningur fyrir fund með ráðherra ferðamála

Framkvæmdastjóri fór yfir undirbúning fyrir fund með ráðherra. Umræður í stjórn um áherslupunkta fyrir þann fund. Framkvæmdastjóra falið að hafa framsögu á fundinum fyrir hönd stjórnar og aðrir stjórnarmenn fylgi svo í kjölfarið með athugasemdir og dýpri umræðu.

Stjórn sammála um að byggja á þeim minnisblöðum sem ráðherra hafa verið send nú þegar varðandi stöðu ferðapjónustu á Norðurlandi og tillögur að stuðningi. Jafnframt að draga sérstaklega fram eftirfarandi atriði:

- Akureyrarflugvöllur og uppbygging þar – að stækkun flugstöðvar verði framkvæmd sem fyrst.
- Vetrarpjónusta á vegum að ferðamannastöðum er langt í frá ásætlanleg (Dettifoss, Hvítserkur).
- Ítreka ósk um svar við beiðni (sem send var í desember 2019) um markaðsstuðning úr Flugþróunarsjóði til markaðssetningar á svæðinu.
- Leggja áherslu á að MN fái að koma sínum sjónarmiðum á framfæri nú þegar verið er að skipuleggja markaðsherferðir fyrir landið. MN ætti að hafa sterkari sess í samtalinu um aðgerðir stjórnvalda núna til að aðstoða ferðapjónustuna.
- Línan sem dregin verður af stjórnvöldum til að velja hvaða fyrirtækjum á að bjarga og hverjum ekki, verður að vera dregin þannig að minni landsbyggðarfyrirtækin verði inn í því mengi sem verður bjargað.

2. Fundur með ráðherra ferðamála, Þórdísi Kolbrúnu Reykfjörð Gylfadóttur (kl 11:00)

Formaður bauð ráðherra velkominn og gaf framkvæmdastjóra orðið. Framkvæmdastjóri fór yfir áherslur stjórnar. Umræður með ráðherra og stjórn um þessar áherslur og almennt stöðu ferðapjónustunnar núna.

Fleira ekki rætt og fundi slitið kl. 12:05

Fundarritari HPP